

# Listir og handverk

## Markmið og sjónarmið

List er grundvallarpáttur mannlegrar tilveru og hártefnis. Það er forsenda náms og félagslegs þroska. List er algilt tungumál sem miðlar því flókna á skiljanlegan máta og veitir okkur tól til að höndla það.

Að vinna með listgreinar tengir manneskjuna við fleira en efni, liti og form. Skapandi starf vekur tilfinningalífið, tengir einstaklinginn við sjálfan sig og gefur möguleika á upplifun og þekkingu á alhliða sammannlegum lögmálum. Ytra form listarinnar, efnislegt form, litir og yfirbragð veita skynupplifun sem getur náð út yfir hið efnislega plan. Upplifunin af óhlutbundnu innihaldi listaverksins veitir reynslu á huglægu plani. Í listinni ræða saman hið efnislega og hið andlega.

Listir og handverk hafa tvær hliðar: Annars vegar er það kennsla í listgreinunum og hins vegar kennsla sem miðlað er með listræni vinnu. Í Waldorfskólanum á kennslan sér stað í gegnum listræna vinnu frá fyrsta skóladegi. Á skólagöngunni greinast einstaka listgreinar sem eigin námsgreinar, sem viðbót við áframhaldandi þverfaglega listræna vinnu.

Í gegnum fjölbreytt úrval námsgreina öðlast nemendur reynslu af vinnu með ólíkan efnivið, einkenni hans sem og þau verkfæri sem þarf til að vinna með og úr því verður alhliða örvin fyrir nemendur í gegnum efnislega skynjun og tilfinningalegar upplifanir þeirra. Þegar nemandi mótar efni er það jafn mikið efnid sem mótar skilning nemandans á möguleikum og takmörkunum. Nemendur læra að hugsa bæði út frá því hagnýta og því fagurfræðilega; útkoman á að vera bæði falleg og nothæf. Hér er það lífið sjálft sem segir nemendum hvort markinu sé náð, hluturinn á að vera hagnýtur í notkun.

Vinnan krefst virkni á öllum sviðum: Vitsmunalega frá skipulagi að reglugri skoðun og mati. Vinnan skólar viljann því samtal nemandans við efniviðinn og verkfærin reynir á úthald og þjálfar fín- og grófhreyfingar. Tilfinningalega í gengum upplifanir nemandans á fagurfræðilegum eiginleikum og innri svörun þeirra við þeim. Þar sem hugmynd og framkvæmd mætast þegar óhlutbundin ímynd mætir ápreifanlegum veruleika skapast rými fyrir þróun hugtaka og skólun hugsunarinnar.

Listræn vinna leiðir af sér færni og sjálfsþekkingu. Hún þróar hæfni til samvinnu, virðingar, ábyrgðartilfinningar og til þess að umbera, hún skapar gildi af þeim meiði sem liggja til grundvallar fyrir þroska á félagslegum og menningarlegum skilningi. Listir og listkennslan ættu ekki eingöngu að vera uppeldisleg verkefni, heldur einnig þekkingarleið þar sem athugun, athygli, huglæg nærvera og matshæfileikar eru þjálfadísir. Hún á að þróa færni, örva sköpunargleði og undrun, en einnig að færa til mörk.

Einn þeirra sem á skýrastan hátt hefur þróað hugtök fyrir sérkenni og merkingu listarinnar er Friedrich Schiller. Í bréfum sínum *Um fagurfræðilegt uppeldi mansins* setur hann fram mótipín þrú; efnishvöt, formhvöt og leikhvöt. Í virkninni á milli þessara þriggja krafta er lögmálið fyrir skapandi starf, hvort heldur sem það eigi við faglegt starf á hæsta plani eða við uppeldisfræðilega aðlagað starf með listrænum þáttum.

Frá rannsóknum seinustu ára liggur beint við að benda á skýrslu Ann Bamfords; Wow-áhrifin, þar sem hún slær föstu þýðingu lista fyrir uppeldi og þroska. Hún fjallar um það hvernig listmenntun og listræn vinna styður við þroska allra eiginleika og hæfileika manneskjunnar.

Við þessi almennu sjónarmið bætir Waldorf-uppeldisfræðin lögmálinu um að líta beri á kennsluna sjálfa sem list, miðlun á sérhverju fagi á að fara fram á listrænan máta.

#### Haldbær ávinnungur þess að vinna með list- og handverkgreinarnar er margþættur:

- æfing í nákvæmri athugun og skynjun,
- aukin færni til að upplifa fegurð og önnur gæði í náttúru og í menningu,
- að sannreyna og þekkja möguleika og takmarkanir ólíkra efniviða,
- útvíkkun á reynslusviðinu við það að mæta eigin sköpun og annara,
- örvin á því að bregðast við, ná tökum á og vera örugg í skapandi ferlum,
- styrkja raunveruleikaskyn og sjálfsmat í verkefnavinnu,
- þroski félagslegra eiginleika, sérlega í gegnum samspil/samvinnu í listrænum verkefnum,
- reynsla og upplifun á *flæði*, einbeittum hvatavilja; að komast í það hugarástand að maður er eitt með því sem unnið er með, þar sem skilin á milli sjálfssins og umhverfisins mást út og maður beitir innsæi og lærir og framkvæmir á yfirskil-vitlegu plani.

Rannsóknir sýna að þessi reynsla og geta hefur mikið gildi fyrir allt nám og skilning, þvert á hefðbundin skil á milli námsgreina.

Skipulag Waldorfskólans á list- og handverkgreinum hefur það í för með sér að getumarkmiðum er náð bæði í sambættu lotukennslunni, þverfaglegum verkefnum, uppfærslum og í hreinum list- eða handverkgreinum. Nemendur fá daglega æfingu í að tjá á hispurslausán hátt í gegnum teikningu, málun og formun, þær innri myndir sem birtast út frá frásögnum kennarans. Þessi æfing í form- og litanotkun, sem felur líka í sér mótu skriftar, mun styrkja upplifun nemendanna af námsefninu og tjá innihald frásagnanna. Oftast á þessi vinna sér stað í vinnubókum nemendanna. Í gegnum þessa jöfnu listrænu úrvinnslu fá nemendur reynslu af listrænum ferlum. Þessi reynsla er einnig styrkt í gegnum æfingar í tónlist, hrynhjálpi og munnlegri vinnu með ljóð.

Bæði listgreinar og handverk byrja þannig á grunnstigi skólans sem sambætt verkefni, sem fá síðar eigið rými í stundaskránni. Á grunnstigi er náð yfir handverkið með hinum sígildu skilgreiningum handavinna, þ.e.a.s. með mjúkum efnin, og smíðar með hörðum efnum eins og tré, járn og kopar. Á ungingastigi verður aukin sérhæfing og unnið í dýptina, handverkið fær hér oft einkenni listhandverks. Í gegnum aldursmiðaðar áskoranir er þekking á verkfærum og efnivið aukin, þolið er æft og nemendur upplifa það að ná tökum á verklagi. Waldorf uppeldisfræðin lítur á þroska fínhreyfinga sem afgerandi fyrir þroska á gáfum barnsins sem hefur á hinum síðari tínum verið stutt af vísindamönnum og uppeldisfræðingum.

## Hæfniviðmið í list- og handverksgreinum

### 4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

#### Mynd og form

- kynnist möguleikum og takmörkunum beinna og beginna lína, og geti teiknað samsett form í lofti, á töflu, í sand eða á pappír,
- geti sett saman og teiknað beinar og bognar línur í samhverf form, um lóðréttu, láréttu sem og skásettu samhverfuása,
- geti teiknað endurtekin samsett, samhverf form á reglubundinn hátt þannig að jaðar myndist,
- þekki eiginleika grunnlitanna og öðlist reynslu í að blanda þeim í mismunandi samsetningar og litbrigði,
- geti tjáð innri upplifanir, ímyndanir og einkennandi eiginleika námsefnisins í sjálfstæðum teikningum,
- öðlist reynslu í að vinna með þrívíð form í misminandi efniðvið eins og t.d. bývax, leir, textíl, pappír.

#### Handverk

- öðlist reynslu í að kemba, spinna og þæfa,
- læri að prjóna og geti notað tæknina til búa til litla hluti,
- nái tökum á einföldum handsaumi og geti notað hann til að búa til hagnýta hluti,
- geti ofið og notað afraksturinn í hagnýta hluti,
- nái tökum á mismunandi tækni og aðferðum við að hekla.

#### Byggingarlist

- Þekki grunnatriði húsbrygginga frá kennslulotunni um „gómlu störfin“ í okkar menningu.
- Geti rætt um þörf manneskjunnar fyrir hús á ólíkum sögulegum tínum.

### 7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

#### Mynd og form

- geti nýtt sér áunna færni í grundvallar fríhandarrúmfræði til skipulagningar og útfærslu á eigin vinnu með skreytingar,
- þekki myndskreytingar frá mismunandi menningarheimum fornalda og geti teiknað þær,
- hafi forsendur til að kanna lögmál og möguleika sem búa í þekktum formum og mynstrum,
- geti nýtt sér þekkingu á skrift, rúmfraði, litum og formum sem tjáningu í mismunandi samhengi,
- noti stílbrögðin litur, form og línur til að tjá innihaldið í mótfífi,
- hafi tileinkað sér mismunandi teikni- og málunaraðferðir,
- geti teiknað einfalda hluti með skugga í svart-hvítu og lit,
- hafi tileinkað sér hæfileikann til að lifa sig inn í myndir annarra,
- geti formað í þrívidd á einkennandi hátt í mismunandi efnivið,

- haft góða þekkingu á tjáningu og þýðingu mynda fyrir fólk á ólíkum tínum og menningum.

#### *Handverk*

- öðlist þekkingu á mismunandi efnivið og reynslu í að nota mismunandi verkfæri og tækni til að utfæra verkefni sem tengjast námsefninu,
- geti notað handverkfæri með egg (hnífi, holjárn, exi) til að vinna ferskan efnivið frá skógi og haga eða þurr tréefni í gagnlega nytjahluti,
- geti búið til einfalda nytjahluti úr leðri, berki, tágum eða öðrum náttúrulegum efnivið,
- geti prjónað, ofið eða heklað nytjahluti sem krefjast meiri tækni og áskorana,
- geti unnið stærra textílverk með áherslu á hagnýt form og skraut,
- geti ígrundað val annarra og eigið val á formi, stærð eða meðhöndlun á nytjahlutum,
- öðlist næmi og vitund fyrir því hvað eiginleikar eins og litur, form og hönnun þýða í daglegu lífi.

#### *Arkitektúr*

- þekki til og hafa teiknað valdar gerðir bygginga með útfrá mannkynssögu kennslu,
- þekki til dæma um hús og byggingar frumbyggja.

## **10. bekkur**

*Markmið kennslunnar er að nemendur:*

#### *Mynd og form*

- þekki einkennandi drætti skriftar, skreytinga og listræns tjáningarforms frá mismunandi menningarskeiðum,
- skilji og geti notað grundvallarlögmál fyrir skrift, skreytingar og listræn stílbrigði í eigin vinnu,
- geti tekið meðvitaða og sjálfstæða álvörðun um val á efnivið og tækni þegar mismunandi verk eru skipulögð,
- geti gert eigin myndverk með mismunandi tækni,
- þekki til huglægra listhugtaka,
- hafi vald á einföldum ljós- og skuggaáhrifum í teikningu,
- geti notað lita- og og blæbrigðafjarvídd,
- þekki og geti notað grunnreglur í fjarvíddarteikningu,
- þekki og geti notað grunnþætti mynduppbyggingar,
- geti tjáð bæði ytri og innri mótip í formi og litum,
- geti útfært faglegar skýringarmyndir/myndskreytingar með viðunandi nákvæmni,
- geti gert eigin útfærslur eftir fyrirmundum,
- hafi vald á stafrænni myndvinnslu og geti nýtt sér tileinkaða færni í mynduppbyggingu, litanotkun, ljós og skugga,
- geti útbúið platónsku formin og þekki uppbyggingu þeirra,
- þekki til megintímbila í sögu myndlistarinnar og valinna verka og hafi góða þekkingu á lífi og verkum einhverra af hinu þekktara listafólki sögunnar,
- geti endurskapað fullkomin þrívíð form í til dæmis tré, leir, málum eða annan efnivið,
- geti skapað frjáls þrívídgarform sem styða við form og notagildi.

### *Handverk*

- geti skipulagt raunhæft ferli til að búa til viðeigandi og fallega hluti úr ólíkum efnivið,
- öðlist góða þekkingu á mismunandi efnum svo þeir geti tekið meðvitaðar ákvarðanir varðandi áhrifa á umhverfið annars vegar og kröfu hlutarins hinsvegar,
- geti unnið og fullgert verkefni frá skipulagi að frágagi og uppfyllt kröfur um nákvæm mál,
- geti beitt fyrir sig grundvallartækni í vinnu með mörg ólík efni,
- þekki eiginleika mjúkra og harðra trjátegunda og viðnám þeirra í vinnslu,
- geti notað allar helstu gerðir handverkfæra og léttari rafmagnsverkfæra,
- hafi tök á ólíkum samskeytingum við byggingu hluta í tré,
- þekki gamlar handverkshefðir og geta notað tækni og efnivið í samræmi við þær,
- þekki gæði, eiginleika og notkunarsvið ólíkra textílefna og mjúkra efna,
- þekki til hvaðan litarefni koma, hafi vald á grunnþáttum textíl-litunar og hafi þekkingu á bæði náttúrulegum og kemiskum aðferðum,
- geti notað saumavél og önnur hjálpartæki til að búa til flík eða nytjahlut, m.a. út frá eigin hönnun.

### *Arkitektúr*

- þekki mikilvægustu byggingarefni og notkun þeirra í fortíð og nútíð,
- geti lýst meginþáttum þéttbýlismyndunar síðustu 200 ár með tilliti til byggingarhefðar og borgarskipulags,
- séu virk á útisvæði skólans með því að taka þátt í skipulagi og útfærslu svæða með byggingum og rýmissköpun,
- taki þátt í byggingu berandi hönnunar í líkönum eða fullri stærð,
- geti gert uppdrætti af hlutum (grunnmynd, snið og framhlið),
- öðlist skilning á því hvernig burðarvirki virka með því að búa til módel eða gera athuganir á byggingum eða rými,
- þekki mikilvæg dæmi um byggingarlist og arkitektóniska hugsun og nýsköpun, t.d. í gegnum ævisögur áhrifamikilla arkitekta,
- hafi góða þekkingu á byggingum sem marka skil í byggingasögu, í tengslum við það efni sem unnið er með í listasögu.